

Nd.

108. Frumvarp til laga

um strandferðasjóð.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist strandferðasjóður. Tilgangur hans er að stuðla að bættum samgöngum á sjó meðfram ströndum landsins með því að:

- a. styrkja strandferðirnar með fjárframlögum, og einkum í því augnamiði að fjölga skipaviðkomum á þær hafnir, sem annars verða útundan í því efni,
- b. leggja fram fé til kaupa á hentugum skipum til strandferða.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. 10% af öllum far- og farmgjöldum, greiddum og ógreiddum, með skipum milli hafna innanlands.
- b. Afgangur, sem kann að verða af því, sem veitt er í fjárlögum til strandferða á hverjum tíma.
- c. Hverskonar aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast eða ákveðnar kunna að verða síðar.

3. gr.

Nú verður fé það, sem veitt er í fjárlögum, ekki nægilegt til rekstrar strandferða, og ber þá strandferðasjóður, ef fé er fyrir hendi af árstekjum sjóðsins, hálfan hallann móti ríkissjóði.

4. gr.

Fjármálaráðherra hefir yfirstjórn sjóðsins á hendi. Hann ákveður, hvernig ávaxta skuli eignir sjóðsins, og setur reglur um, hvernig innheimta skuli tekjur hans.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, ekki lægri en sem nemur fjórfaldri þeirri upphæð, sem sjóðnum hefði annars borið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er af öllum viðurkennt, að eitt af frumskilyrðum þess, að atvinnuvegirnir geti blómgað, eru greiðar samgöngur milli héraðanna innanlands og við umheiminn. Þau byggðarlög, sem verða útundan með samgöngur, hljóta að dragast aftur úr, hvað góða framleiðslumöguleika sem þau hafa að öðru leyti. Því ber að leggja megin-

áherzlu á það, með lagasetningum og fjárframlögum, að tengja og treysta samgöngu-kerfið sem bezt á sjó og landi. Á eylandi, eins og okkar land er, má ekki láta undir höfuð leggjast að nota þá samgöngumöguleika, sem bundnir eru við hinar sjálfgerðu leiðir, á hafnirnar víðsvegar umhverfis landið. Þetta hefir mönnum og verið ljóst; því hefir verið komið á strandferðum, sem ríkið annast, á allar færar hafnir umhverfis landið. Eru þessar strandferðir til ómetanlegs gagns fyrir alla landsmenn, framleiðslu alla og atvinnuvegina í heild.

Aðstaða héraðanna til þess að njóta þess skapandi máttar, sem tryggar og öruggar samgöngur veita, er ákaflega misjöfn. Ýmsar hafnir, sem stór og blómleg héruð liggja að, eru ekki færar fyrir hin stærri millilandaskip, þótt góðar séu og öruggar fyrir hæfilega stór skip.

Eins og samgöngumálum okkar er nú komið, er ekki mikil hætta á, að þau héruð, sem liggja að stærri höfnunum, sem millilandaskipin koma á, séu ekki nokkurnvegin tryggð með að hafa ábyggilegar samgöngur. En fólkið í þeim héruðum, sem liggja að smærri og lakari höfnunum, á það alltaf yfir höfði sér, að úr samgöngum á þær hafnir verði dregið, svo óviðunandi sé og til vandræða horfi, þar sem strandferðunum, sem eru í flestum tilfellum aðalsamgöngurnar, sem ýms þessi héruð hafa, er haldið uppi með fjárframlögum úr ríkissjóði, sem alltaf hljóta að miðast meira og minna við getu ríkissjóðs til fjárframlaga á hverjum tíma. — Á krepputímum, þegar illa árar fyrir ríkissjóð, má búast við því, að jafnan verði gripið til þeirra ráða, að draga úr fjárframlögum frá því, sem áður hefir verið, og þá líka af fjárframlögum til samgangna, en á slíkum tímum eykur það erfiðleikann enn meira, ef dregið er úr samgöngum frá því, sem áður hefir talizt nauðsyn.

Þessu frumv., ef að lögum verður, er ætlað að koma í veg fyrir þá yfirvofandi hættu, sem alltaf er á því, að samgöngur til hinna ýmsu héraða verði vanræktar af ástæðum, sem áður eru nefndar. Strandferðasjóðnum er ætlað að tryggja það, að fé verði fyrir hendi til þess að kaupa skip til strandferða, þegar nauðsyn ber til, og einnig það, að tryggja í framtíðinni ábyggilegar strandferðir á hverja höfn umhverfis landið, strandferðir og samgöngur óháðar kreppum og duttlungum hinnar líðandi stundar.

Hinar einstöku greinar frumv. verða skýrðar í framsögu.